

Nd.

605. Þingsályktun

um rannsókn á hafnarbótum og vörnum gegn snjóflóðum.

(Afgreidd frá Nd. 14. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka þegar á komandi vori:

1. Á hvern hátt bæta megi hafnirnar í Hnífsdal í Norður-Ísafjarðarsýslu og Vopnafirði í Norður-Múlasýslu, svo tryggar verði vjelbátum, svo og nauðsynlegar lendingarbætur þar.
2. Á hvern hátt heppilegast og tryggast sje að setja varnir gegn skemdum af snjóflóðum í Hnífsdal.